

Reglur Borgarbyggðar

um samstarfssamninga vegna hátíða í sveitarfélaginu

1. gr.

Markmið og tilgangur

Tilgangur þessara samstarfssamninga er að tryggja rekstur hátíða í Borgarbyggð en í menningarstefnu Borgarbyggðar (endurskoðuð árið 2020) er tilgreint að hátíðir skuli vera fjölbreyttir og miðist við þarfir allra hópa. Ennfremur er tilgreint að sveitarfélagið skuli gera samstarfssamning við forsvarsmenn stærstu hátíða í sveitarfélaginu og gera ráð fyrir styrktarupphæð í fjárhagsáætlun ár hvert.

Meginmarkmið samningsins er að tryggja menningararfleifð hátíða í Borgarbyggð ásamt því að efla jákvæða ímynd Borgarbyggðar sem ferðmannastað bæði á Íslandi sem og á erlendri grunnu.

2. gr.

Hlutverk

Byggðarráð Borgarbyggðar ákveður hvaða hátíðir fá samstarfssamning ár hvert og ákveður einnig fjárhæð styrkveitinga hverju sinni.

3. gr.

Skil umsókna

Umsóknum skal skilað rafrænt á heimasíðu sveitarfélagsins, í þjónustugáttinni á þar til gerðu eyðublaði. Með umsókn skal fylgja kostnaðaráætlun þar sem kostnaður er sundurliðaður. Þá þarf einnig að tilgreina tekjur og fjármögnun hátíðarinnar.

Umsækjendur eru beðnir um að greina frá öðrum styrkjum sem verkefnið hefur fengið til þessa, auk þess að upplýsa ef sótt er um til sömu eða sambærilegra verkþátta í aðra sjóði.

Þá skal skila inn ítarlegri verkáætlun þar sem fram kemur umfang og tími verkefnis sundurliðað eftir verkþáttum. Leyfilegt er að skila inn öðrum gögnum með umsókninni, s.s. skýrslum eða öðru sem styður við umsóknina.

Í þeim tilfellum sem um samstarfsverkefni er að ræða skulu umsækjendur senda inn viljayfirlýsingu um samstarf frá verðandi samstarfsaðilum.

Umsókn sem skilað er án upplýsinga og fylgiskjala sem fram koma í 1 – 3. mgr. 3. gr. reglna telst ófullnægjandi og er ekki tekin til afgreiðslu á fundi byggðarráðs.

4. gr.

Afgreiðsla erinda

Umsóknir eru teknar fyrir á fundi byggðarráðs í janúar ár hvert. Einungis er gerður samstarfssamningur til eins árs.

Helstu upplýsingar í umsóknum og niðurstöður styrkveitinga eru gerðar opinberar í fundargerð nefndarinnar eftir afgreiðslu erinda.

Byggðarráð Borgarbyggðar áskilur sér rétt til að hafna umsóknum. Samkvæmt 21. gr. stjórnsýslulaga þarf ekki að rökstyðja ákvörðun um úthlutun styrkja á sviði lista og menningar. Jafnframt er nefndinni heimilt að leita umsagnar óháðs fagaðila telji hún ástæðu til.

Byggðarráð áskilur sér rétt til að ákvarða styrkfjárhæð eftir umfangi verkefna.

Við mat á umsóknum er eftirfarandi haft til hliðsjónar:

- Hefur hátíðin listrænt og menningarlegt gildi fyrir samfélagið?
- Hefur hátíðin sérstöðu?
- Fagleg hæfni umsækjenda og fyrri reynsla.
- Tenging hátíðar við menningarlíf í Borgarbyggð.
- Gæði, vinnsla og framsetning umsóknar.

Sé umsóknin samþykkt verður í framhaldinu gerður samstarfssamningur við forsvarsmenn hátíða þar sem tilgreint er nánar hverjar skyldur forsvarsmanna og sveitarfélagsins eru ásamt öðrum helstu atriðum.

5. gr.

Umsækjendur

Umsækjendur geta verið einstaklingar og óhagnaðardrifin félagasamtök. Hafi umsækjandi áður fengið styrk skv. reglum þessum skal hann upplýsa um árangur og framkvæmd þess verkefnis.

Umsækjendur þurfa að tilgreina hverjir koma að verkefninu og hver er þeirra bakgrunnur.

Við auglýsingu á hátíðinni skal styrkþegi láta styrkveitingu Borgarbyggðar koma fram.

6. gr.

Forsendur til styrkveitinga

- Ekki er veittur styrkur fyrir hátíðir og verkefni sem hafa átt sér stað, heldur er um að ræða viðburðir sem munu eiga sér stað á almanaksárinu.
- Einungis er styrkt til viðburða hátíða sem fara fram í Borgarbyggð.
- Hátíðin þarf að hafa farið fram í það minnsta tvö ár.
- Dagskrá vegna hátíða þarf að vara í að lágmarki tvo daga innan sömu viku, alls 8 klst. í heildina.
- Hátíðin þarf að auðga menningarlíf Borgarbyggðar. Við ákvörðun um úthlutun er horft til þess hvaða menningarlega arfleið verður eftir í sveitarfélaginu.

7. gr.

Útborgun styrkja

Styrkir eru greiddir út í einu lagi inn á þann bankareikning sem kemur fram í umsókn að loknu afgreiðslu málsins á fundi byggðarráðs.

8. gr.

Endurgreiðslukrafa

Hafi styrkur verið greiddur til hátíðarhalds en af framkvæmd þess hafi síðan ekki orðið samkvæmt þeim upplýsingum sem nefndin aflar, ber styrkþega að endurgreiða hann.

9. gr.

Gildistími

Reglur þessar gilda frá og með 11. maí 2023.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar 8. júní 2023

Samþykkt á 46. fundi atvinnu-, markaðs-, og menningarmálanefndar 2. maí 2023

Samþykkt á 221. fundi Sveitarstjórnar Borgarbyggðar 9. desember 2021

Samþykkt á 30. fundi atvinnu-, markaðs- og menningarmálanefndar 7. desember

2021